

95. sveitarstjórnarfundur Langanesbyggðar haldinn í Menntasetrinu á Þórshöfn fimmtudaginn 9. janúar og hófst kl 17:00

Mætt eru: Siggeir Stefánsson, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Steinunn Leósdóttir, Indriði Þóroddsson, Gunnólfur Lárusson, Reimar Sigurjónsson, Ævar Rafn Marinósson, Ólafur Steinarsson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort einhver hefði við fundarboð að athuga og svo var ekki.

DAGSKRÁ:

- 1. Fundargerð Sveitarstjórnar nr. 94/2013.**
Lögð fram til kynningar
- 2. Fundargerð fræðslunefndar dagsett 16.12.2013**
Lögð fram til kynningar
- 3. Fundargerð 811 fundar Sambands íslenskra Sveitarfélaga**
Lögð fram til kynningar
- 4. Hlutfjárútbóð í Greið Leið ehf dagsett 13.12.2013**
Lagt fram til kynningar.
- 5. Tilboð í hlutabréf í Tækifæri ehf dagsett 3.12.2013**
Sveitarfélagið Langanesbyggð ætlar ekki að nýta sér forkaupsréttinn í Tækifæri ehf. Samþykkt samhljóða.
- 6. Útboð á fjármögnun fyrir Langanesbyggð**
Nokkur tilboð hafa borist. Þegar öll tilboð eru komin í hús mun sveitarstjóri fá KPMG til að meta tilboðin. Stefnt er að á næsta sveitarstjórnarfundum verði hægt að taka ákvörðun með fjármögnunina.
- 7. Leikskólabygging - staða á verkefni**
Meðfylgjandi í göngum eru drög að hönnunarsamningi vegna skólamiðstöðvar sem felur í sér nýja leikskólabyggingu með tenginu við Grunnskólann á Þórshöfn. Ólafur fór yfir stöðuna á málinu og næstu skref. Sveitastjórn felur sveitarstjóra að ganga frá samningi við Zeppeline ehf, setja verkefnið af stað og standa fyrir kynningum fyrir íbúa sveitarfélagsins. Borið undir fundinn og samþykkt samhljóða með fyrirvara um heildarkostnað og fjármögnun. Ólafur mun halda sveitastjórnarmönnum upplýstum í ferlinu. Stefnt er að því að hægt verði að bjóða út verkið í apríl.
- 8. Sértaekur Byggðakvóti - staða á verkefni**
Ólafur kynnti stöðuna á málinu.

9. Finnafjörður - staða á verkefni

Farið var yfir stöðuna á verkefninu í Finnafirði en því miðar vel áfram. Fram kom að næstu skref eru að klára samninga á milli aðila. Rannsóknir munu hefjast fljótlega.

10. Fjárfestingar 2014 umræða og skil á gögnum

Ólafur fór yfir fjárfestingarlistann sem afhentur var sveitarstjórnarmönnum fyrir júl. Ólafur fór yfir listann í stórum dráttum og tók niður punkta.

Ólafur mun taka saman gögn og kostnað og leggja til framkvæmdarlista fyrir árið 2014 á næsta sveitarstjórnarfundi.

11. Skýrsla sveitarstjóra

• Félagsheimilið Þórsver.

Sólveig Sveinbjörnsdóttir hefur verið ráðinn sem húsvörður í félagsheimilinu frá og með 1. janúar 2014.

• Aldurstakmark í félagsheimilinu á Þorablóti 2014.

Þorablótsnefnd 2014 óskar eftir undanþágu vegna 18 ár aldurstakmarks í félagsheimilinu fyrir Þorablótið 2014 þ.e.a.s. að það verði miðað við árið en ekki við afmælisdaginn á þeim forsendum að útiloka ekki þá einstaklinga sem komust á þorablótið 2013.

Borið undir fundinn og samþykkt samhljóða

• Dýpkunarframkvæmdir á Bakkafirði. Þær eiga að fara í gang um miðjan janúarmánuð og klárast um mánaðarmót janúar/febrúar.

• Skólastefna Langanesbyggðar er að verða klár og Ingvar Sigurgeirsson kemur í janúar til að klára hana.

12. Trúnaðarbók

Fundi lokað og skráð í trúnaðarbók.

Fleira ekki gert

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 19:25